

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík 2022 -2023

Á starfsárinu 2022-2023 voru haldnir 12 nefndarfundir.

Árið 2022 fór allt á fullt eftir tveggja ára Covid 19. Farnar voru tvær innanlandsferðir, Vestfjarðaferð og 1 dagsferð. 9 utanlandsferðir voru farnar: Helsinki og Tallin, Norður Ítalía, Rínar- og Móselsigling, Toskanahérað, S-England, Elsass hérað, Dónársigling og aðventuferðir til Wurzburg og Trier. Allar þessar ferðir heppnuðust mjög vel.

Alls ferðuðust með okkur um 400 konur. Eins og fyrr hefur verið gætt mikils aðhalds í öllum rekstri þannig að meira fé sé til niðurgreiðslu á ferðum.

Í ár eru skipulagðar 1 innanlandsferð; 1 dagsferð og 9 utanlandsferðir: Norður Ítalía, Elsass hérað í Frakklandi, Normandi, Berlín, Norður England, Þýskaland/Austurríki/Tékkland, Prag, aðventuferðir til Edinborgar og Koblenz.

Aðalstarf nefndarinnar er að skipuleggja orlofsferðir, leita tilboða, skrá í ferðir og vera síðan til aðstoðar í þeim ferðum sem farnar eru. Skrifstofan er opin þrjá daga í viku frá kl 15.30 til 17.30 frá byrjun mars í einn mánuð. Nefndarkonur skipta vinnunni á milli sín. Reikningar eru gerðir upp af endurskoðanda og síðan sendir Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Allar upplýsingar um ferðir eru aðgengilegar á heimasíðu orlofsnefndarinnar.

Nefndarkonur

Hulda Ólafsdóttir, formaður – frá Félagi háskólakvenna og kvenstúdenta

Ingveldur Ingólfssdóttir, gjaldkeri frá Hvítabandinu

Hjördís Jensdóttir, ritari frá Kvenfélagi Hallgrímskirkju

Hanna Dóra Þórisdóttir frá Thorvaldsensfélaginu

Álfheiður Árnadóttir frá Kvenfélagi Seljakirkju

Vilborg Bergmann frá Kvenfélagi Breiðholts

Reykjavík 28.02.2023

Hulda Ólafsdóttir


Formaður Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík